949.103
+910.4
Ola

Lítil Saga

umm

Ólafur Egilsson (1564–1639)

herhlaup Tyrkjans á Íslandi

árið 1627.

4

Útgefendur:

Hallvarður Hængsson og *Hrærekur Hrólfsson.*

Jón Borgfirðingur.

Reykjavík.

Prentað í prentsmiðju Íslands,

1852.

Einkunnarorð:

Oss frá páfans vondum vjelum
verndu þú og Tyrkjans grjelum.

97489

ANNÁLL

Klánsar lögrjettumanns **Eyjólfssonar**

um

herhlaup Tyrkjans á Íslandi árið 1627, staðfestur af Einari Loptssyni frá Vestmannaeyjum, Haldóri Jónssyni úr Grindavík, og fleirum mönnum, er herteknir höfðu verið og út komu aptur.

Þegar Kristján konúngur hinn 4ði rjeð fyrir Norðurlöndum, og Holgeir Rósenkrans var hirðstjóri hjer á landi, gerðu Tyrkjar út 4 herskip til að ræna fólki af Íslandi. 20ta dag júnímánaðar kom til Grindavíkur sunnan á Íslandi tyrkneskt herskip. Yfirmenn þess nefndust Amórat Reiss, og 2 skipherrar, Areiff Reiss og Birham Reiss. Hertóku þeir þar við landið danskt kaupskip með öllu

þess fólki, gótsi og áhöfn, enn annað með 3 mönnum dönskum; aðrir danskir menn komust undan með flótta. Þessir Tyrkjar hertóku í sama sinn 15 íslenska menn, ræntu fje, hvar þeir gátu, og öllu fjemætu úr búðunum. Að því búnu ætluðu þeir að hertaka 3 kaupskip, er láu á Seiluhöfn [1], enn gátu ei komið því við, sakir þess að skip þeirra rendi upp á flúð eina, og stóð þar umm stund. Sumir segja, að höfuðsmaðurinn með Álptnesingum hafi látið hleypa á þá af 35 byssum í einu, og hafi þeir þá, þegar er þeir losnuðu af flúrinni, hleypt undan og ætlað til rána á Vestfjörðum, enn gefið það frá sjer, þar eð þeir frjettu, að ensk herskip láu þar; lögðu þeir síðan frá landi 30ta d. júlím., og hjeldu til Kíli, og hneptu fangana þar undir sitt áþjánarok.

5ta d. júlím. komu 2 tyrknesk skip á Berufjörð frá Algeirsborg. Yfirmaðurinn nefndist Mórash Hemmíng. Þeir hertóku þar kaupskipið, 18 danska menn og 90 Íslendinga, drápu 8, enn lestu og særðu marga, og ræntu fje öllu, er þeir náðu. 10da d. júlím. lögðu skip þessi frá Berufirði, og hinn 13da inn á Fáskrúðarfjörð; ræntu þar 2 mönnum, enn drápu 1; hjeldu síðan þaðan suður með landi, enn hindruðust af andbyri frá að leggja inn á Reyðarfjörð. 14da d. júlím. bættist við enn eitt tyrkneskt skip, er ei hafði fyr að landi komið, og sigldi með hinum vestur til Vestmannaeyja. Á leiðinni lokkuðu þeir til sín 9 menn af

[1]) Svo hjet forðum Bessastaðahöfn.

enskri duggu. 16. d. júlím. komu þessi 3 skip til eyjanna; geingu þar á land 300 manns, hertóku kaupskipið, enn danska fólkið komst með hættu undan til meiginlands. Tyrkjar hertóku hjer alls 242 menn, drápu 34, sem menn vissu, þar á meðal prestinn sjera Jón Þorsteinsson. Þeir særðu og píndu þar margan mann, rændu og spiltu miklu gótsi. Að því búnu ljetu þeir í haf, og fóru heim, og færðu og seldu hið hertekna fólk undir ánauðarok. Á leiðinni hjeðan önduðust 3 íslenskir menn, og fæddust 3.

Árið 1628 kom sjera Ólafur Eigilsson aptur frá Tyrkjum til Danmerkur 28da d. martsm., og til Íslands 6ta d. júlím., lauslátinn af Tyrkjum árið áður 20ta d. septemberm., eptir langa neyðarreisu, eins og eptirfylgjandi rit hans frá segir. Sama ár komu aptur til Íslands Haldór Jónsson, og systir hans Gvuðrún, útkeypt af einum hollenskum manni, og af honum send til Danmerkur. Árið 1632 voru frammsendir í Danmörku peníngar af almúga á Íslandi til lausnar hinum herteknu, og fyrir þá útkeyptir 34 menn, ásamt annari mikilli summu frá Kristjáni konúngi 4ða. 13da d. júnim. 1636 fóru þeir af stað úr illþýðishöndum, og komu til Danmerkur 19da d. ágústm. 6 af þeim önduðust á leiðinni, enn 1 varð eptir í Glykksborg. Árið 1637 komu þessir menn, 27 að tölu, frelsaðir undan ánauð Tyrkja, aptur til Íslands, þar á meðal Ásta Þorsteinsdóttir, kona sjera Ólafs, og Einar Loptsson. Þeir eptirverandi 117 tjáðust þá flestir frá trú geingnir, einkum

úngmenni, til að mynda dóttir sjera Jóns, og sonur sjera Ólafs, sem þá var kominn til Túnis. Hitt fólkið var flest ándað, sumt selt og víðs vegar um lönd tvístrað, svo ei varð til þess náð eða spurt. Árlega þaðan í frá höfðu Tyrkjar haft í áformi að ræna á Íslandi, enn ávalt hindrast frá því.

Þannig lyktar hjer frá þessum stórtíðindum að segja, enn hvur sem þetta les eða heyrir, ætti af hjarta að syngja og segja:

Haltu oss, gvuð, við þitt hreina orð,
hindra páfans og Tyrkjans morð, o. s. frv.

Hjer hefur

FRÁSÖGU

sjera **ÓLAFS EIGILSSONAR**

umm

atfarir Tyrkjans í Vestmanneyjum árið 1627, svo og umm hrakningaferð hans til Algeirsborgar og þaðan aptur, eptir hans eigin handriti.

Fyrsti kapituli.

Umm viðbúníng, þá til ræníngjanna spurðist, osfrv.

Þá vjer á Vestmanneyjum frjettum til ræníngjanna í Grindavík, var hjá oss nóg fors, sjálfbyrgíngsháttur og uggleysi, helst hjá hinum yfirboðnu, með erfiði og skansasmíði hjá dönsku húsunum, eins út á skipinu, hvað gerast átti með mikilli framsýni, og var þó til getið af hinum útlendu, að innlendir mundu ei leingi við standa, ef nokkuð að bæri. Stóð

þessi viðbúníngur, þángað til harst, að ræníngjarnir væru farnir frá landinu; byrjaði þá aptur hið gamla andvaraleysi, hvurnig sem áminníngar voru gerðar.

Mánudæginn, 16da d. júlím., sáu menn 3 skip umm morguninn sigla úr landsuðri, og eitt þeirra geysi stórt. Þau sigldu rjett undir eyjarnar. Sökum andbyrs urðu þau að gera marga slægi norður og suður þann dag að kvöldi framm, enn þegar umm morguninn, er þau sáust, var kallað saman alt fólkið til að vera við dönsku húsin, og búast til varnar; harðlega bannað neinum burt að fara. Þá kvöld var komið, drógst fólkið í burtu, því þeir útlendu þóttust þekkja skipin, að það væru varnarskipin, er hjer við land áttu að vera, og fór því hvur heim til sín, og alt datt í logn, svo þeir satansþjónar, bölvaðir morðíngjarnir, feingu sinn frammgáng.

Á leiðinni frá Austfjörðum höfðu ræníngjarnir náð enskri duggu, sem var að fiska, og tóku þar 9 menn; hjetu skipherranum, að þeir skyldu láta þá aptur lausa, ef þeir vísuðu sjer að höfninni á Vestmanneyjum, og þannig komust þeir að eyjunum inn að höfn umm miðapt-

ansleytið. Af ensku duggunni var einn, er hjet Þorsteinn; hann kendi það ráð, að hleypa öllum hernum upp sunnan á eyjarnar; þekti hann svo til, að þar varð upp komist á einum stað, og var þessu hans ráði fylgt. Kaupmaðurinn, Lars Bagge, ljet halda vörð hvurja nótt, eptir að til skipanna sást; ljet hreinsa hvurt fallstykki, og fjekk hvurjum manni byssur og varnir til að verja höfnina. Enn þegar hann sá, að ræningjarnir fóru suður fyrir eyjarnar, reið hann með nokkrum mönnum suður á foldirnar, að skygnast umm; höfðu þeir þá út látið 3 báta, hlaðna með fólki, á að giska tvö þrjú hundruð; gerði hann þá boð skipherranum, að hann kjæmi þar með sínu fólki og vopnum, að verja þeim uppgaungu á eyjuna. Bátar ræningjanna lögðu að Brimurð, þá þeir ekki komust upp í Kópavík; heitir þar síðan Ræningjatángi, er þeir á land geingu, enn skipin lögðu heim að höfninni. Kaupmaðurinn, sem á urðunum var á hesti með nokkrum mönnum, vildi reyna að halda þeim þar frá, og skaut af einni byssu framm að þeim; ærguðu þeir þá og veifuðu höttum sínum með hljóðaólátum, og hjeldu ákaflega að landi, einn af öðrum; þusti þá hvur

maður frá kaupmanninum, og heim til kvenna sinna og barna; reið kaupmaður þá heim, og með honum skipherrann, Hinrik Tómásson, sem þegar í stað fór út á skip sitt, og hjó á það mörg göt, svo sökkva skyldi; hjó með hasti í sundur kaðalinn, að skipið skyldi laust drífa, enn kaupmaðurinn fór með skyndi að fallbyssunum, og rak sinn nagla í hvurt fángahol; þessa nagla hafði hann þar til smíða látið. Að því búnu sáu þeir, hvar morðingjarnir komu með skothríð, hrinum og ólátum, herópi og rauðum blóðmerkjum; fló kaupmanninum þá í hug, að leita til meiginlands; vildi svo til, að 1 bátur lá á floti, og höfðu íslenskir menn skilið við hann. Fór kaupmaður út á bátinn með öllu heimilisfólki sínu, enn skipherrann gaf skipverjum sínum leyfi að fara í skipsbátinn og forða sjer, enn sjálfur vildi hann ei yfirgefa skip sitt, enn hljóp þó seinast í skipsjuluna, og náði svo sínum mönnum út við Klettsnef, enda dundu þá skotin á eptir þeim, og út á danska skipið, frá ræningjunum, svo ei var seinna vænna að forða sjer. Loksins komust þeir til fastalands eptir harða og mæðusama útivist, því áhöld voru slæm, ekkert nema hú-

ur og hattar að ausa með, og vindurinn andvígur.

Eimn flokkur illvirkjanna, er í voru hjer umm bil 150 manns, hjeldu þegar til dönsku húsanna, drápu undir eins, þá er á leið þeirra urðu og mótstöðu veittu, enn suma ráku þeir með höggum á undan sjer. Annar flokkur þeirra kom til bygða á Ofanleiti, handtóku mig með konu minni vanfærri, og 2 börnum okkar og 2 vinnukonum, og þá er jeg vildi mótstöðu veita, börðu þeir mig og hröktu, og fjekk jeg margan steyt af byssustingjum þeirra, og hefur mig síðan hvað mest furðað, að þeir skyldu láta mig lifi halda. Þeir gáfu mjer lag í lærið, og þá varð jeg upp að gefast, og vorum við þá öll rekin til dönsku húsanna, enn þessir held jeg flestir hafi verið enskir. Hinir, sem staðnæmdust við Ofanleitishjáleigu, ráku fólkið fyrst heim að Ofanleiti, og leituðu svo vandlega í húsunum, að þeir kveiktu ljós; þeir fundu eina kellingu í eldhúsi í eldiviðarhlaða; hana drógu þeir út; ljetu nokkra fara með þá herteknu að dönsku húsunum, þar á meðal 2 börn, er jeg hafði tekið að mjer í gustukaskyni, og óvörum voru heim komin, meðan ræningjarnir voru þar,

enn hinir kveiktu eld í húsunum. Ein kona, með tvævetru barni, varð fyrir þeim; hún þoldi ei að gánga með þeim herteknu, og köstuðu þeir henni og barninu undir eins í bálið, enn er þær nefndu gvuð, grenjuðu þeir og hrundu þeim með spjótsoddunum inn í eldinn. Þeir leituðu í hvurju húsi og holu, og skriðu sem mýs eða kvikindi; þeir klifruðust upp í byrgin, og tóku fólk þaðan, það er þeir náðu, enn skutu á hina, er þeir gátu ekki tekið, og dóu sumir við það upp í fiskabyrgjunum [1]. Á meðal annara varð fyrir þeim í þessum svifum maður, að nafni Bjarni Valdason; hann hjuggu þeir umm þvert andlitið fyrir ofan augu, og er konan, sem með honum gekk, sá það, fjell hún þegar yfir líkamann með miklu veini; tóku þeir þá í fætur henni, og drógu hana sem annað hræ, svo fötin komust framm yfir höfuðið; síðan söxuðu þeir þann dauða í smástykki, eins og sauðarkropp í spað brytjaðan, enn konu hans ráku þeir að dönsku húsunum, og hrundu henni í fángaflokkinn; enn framar fundu þeir einn kvennmann á harða hlaupi, og eltu hana, uns hún fæddi fóstur sitt,

[1]) Byrgi þessi eru gjögur í þverhnýptum hamar eða bergi; hjer geyma eyjamenn fisk sinn.

og datt hún þá dauð niður, og fóstrið með. Hinn presturinn, Jón Þorsteinsson, er heima átti á eyjunni, flúði með heimilisfólki sínu í urðir austur frá bæ hans Kirkjubæ, í einn hellir við flæðarmál; hjer byrjaði hann að lesa og prjedíka fyrir fólkinu, og hugga það með gvuðsorði; seinast las hann lítaníuna; þá komu þessir blóðhundar þángað, og er þeir sáu sjera Jón, mælti einn þeirra til hans: skyldir þú ekki vera heima í kirkju þinni? Hann sagði: jeg var þar í morgun. Þá er mælt, að morðinginn hafi sagt: þú skalt ekki vera þar á morgun [1]. Síðan reiddi hann til höggs, og hjó prestinn þvert yfir höfuðið; breiddi prestur þá út báðar hendur, og fól sig gvuði á vald við annað höggið með þessum orðum: jeg fel mig á vald herra míns Jesú Krists. Þá skreið kona hans að fótum morðíngjans, í því skyni að milda hann, enn þess var enginn kostur, að fá vægð. Eptir 3ja höggið sagði presturinn: það er nóg; herra Jesú, meðtak þú minn anda. Að honum þannig önduðum, hröktu þeir þær mæðgur frá líkamanum með svni hans og öðru fólki, er þar var: áður

[1]) það er sögn manna, að þetta hafi verið Þorsteinn, er áður var þjenari sjera Jóns, enn nú einn af þeim, er teknir voru til láns af ensku duggunni.

gat þó kona prestsins bundið trafi sínu umm höfuð hins andaða; síðan var fólkið, sem lifandi var, barið á framm til dönsku húsanna. Tveir kvennmenn urðu þó eptir í hellinum, er þeir fundu ekki. Í Ofanleitishamri hittu þeir 4 hrausta menn, og gátu loksins handtekið þá og fjötrað; ætluðu þeir sjer að drepa þá, enn í því sáu þeir 2 stúlkur, sem þeir eltu; komust þær ofan fyrir eitt leiti, og önnur að öllu leyti frá þeim að mönnunum, sem bundnir voru, og gat hún leyst einn af þeim, enn síðan leysti hvur annann. Í þeim svifum komu Tyrkjar aptur til þeirra; hljóp þá hvur sem mátti, og komust niður fyrir hamar einn, er Tyrkjar gátu ei farið, og snjeru því við aptur. Einn af Tyrkjunum hitti einn kvennmann hlaupandi, greip hana og lá með henni; reið hún síðan með honum til dönsku húsanna. Einn mann, að nafni Erlend Runólfsson, eltu þeir framm á einn hamar, náðu honum þar, flettu hann klæðum, og settu síðan til skotmáls fremst á bjarginu, svo hann við skotið fjell ofan fyrir. Kvennmenn fundust hingað og þángað dauðar, sundurhöggnar og svívirðilega útleiknar. Mann, að heiti Ásmund, stúngu þeir í hel á sinni sóttarsæng, svo rúmið

flaut í blóði hans. Mesta ánægja þeirra var, að saxa í sundur þá dauðu í smástykki. Að þessu búnu söfnuðust þeir saman að dönsku húsunum, og byrjuðu að skipa út. Mig vildi kapteinninn hafa lausan látið fyrir aldurs sakir, enn þegar kona mín heyrði það, grátbændi hún mig að skilja ekki við sig, og hjet jeg henni því fúslega, sem nærri má geta. Þraung mikil var í húsinu, og slapp einn piltur út við það milli fóta eins, er í dyrunum stóð, og komst þannig undan. Gamalmenni, sem hjer voru saman komin, og þeim þótti enginn slægur í, hafa þeir líkast til brent með húsunum, þegar þeir voru búnir að velja úr, það þá lysti. Í öskuhrúgu húsanna fundust þar margra manna bein og kroppar sundursteiktir. Það hernumda fólk reikna menn verið hafi 242 að tölu, enn hvað marga þeir hafa drepið með ýmsu móti, vita menn ei fyrir víst. 34 menn vita menn til, að jarðaðir hafi verið. Eptir það út var búið að skipa, skutu þeir 5 mönnum á land aptur, og drápu þó tvo af þeim, og hefðu sjálfsagt stútað hinum, hefðu þeir ei átt fótum sínum fjör að launa. Þessir menn hafa frá sagt, hvurnig ræningjarnir breyttu við það fólk, er þeir tóku

á Djúpavogi; tveir og tveir voru hlekkjaðir saman, og þegar þeir að lokunum lögðu út af höfninni, flutu margir dauðir menn kringum skipin, og Landakirkja stóð þá í ljósum loga. Hjer virðist ekki ótilhlýðilegt, að bæta við athæfi illmenna þessara á Djúpavogi.

Hinn fyrsti maður, er þeir fundu þar, var hálfvaxinn piltur; hann reyrðu þeir þegar böndum, og ljetu hann liggja í veigi fyrir sjer; tóku síðan til að safna, drápu gamalmenni og alla, sem eitthvað voru biladir eða hrumir, og þar þessir blóðhundar aldrei gátu fylt sig á blóði saklausra, æddu þeir sem óarga dýr alt að Eydölum, hjer umm bil áfánga vegar frá Kaupstaðnum. Reiknað hefur verið, að 110 mönnum hafi þeir rænt og til skipa rekið, enn 9 fundust dauðir, þar á meðal sá, sem þeir fyrst fundu; hann tóku þeir á heimleiðinni, og skáru yfir umm þvert ennið, og flettu augabrúnunum ofan fyrir augun, skáru síðan göt á huppa hans, og dó hann við það. Danska kaupmanninn þar flettu þeir fötum, færðu í tötur og keyrðu hann í járn, ásamt öðrum, í 4 daga; síðan voru þeir þó úr fjötrum leystir.

Annar kapituli.

Sjera Ólafur fer út á skip ræningjanna, og aðrir hertekn-ir menn; meðferð á þeim, osfrv.

Á þriðjudæginn árdeigis voru framm settir 2 teinahringar úr vörinni, og var Íslendingum skipað að róa, og barðir með köðlum, alt að því skipinu, sem stærst var, og aldrei lagði inn á höfnina; urðu þá mikil fagnaðarlæti á þeim Tyrkjum, er fyrir voru, þegar vjer komum upp á skipið; lá alt fólkið, sem tekið hafði verið eystra, í böndum á þilfarinu. Var oss nú þegar brauð gefið, enn vont vatn að drekka; voru þá austmenn úr böndum teknir, og þeim líka brauð gefið; þótti þeim þetta nýjúngar, því þeir höfðu ekkert feingið, frá því þeir voru teknir. Litlum tíma eptir borðhaldið var jeg kallaður aptur á skipið, og af yfirkapteininum boðið að setjast; þegar tóku tveir af Tyrkjum, og tveir aðrir, hendur mínar, og snjeru saman með snæri. Yfirkapteinninn sló þá eptir baki mínu mörg högg, og svo stór, sem honum var unt, uns hljóð mín tóku að minka; þá var einn til settur, sem þjóðversku talaði, að spyrja mig, hvort jeg vissi ekki af neinum peníngum, enn jeg enitaði því mjög hátt, því jeg vildi, að þeir

sem fyrst vildu slá mig í hel. Að svo mæltu reistu þeir mig á fætur, því jeg gat hvorki vel staðið nje geingið; síðan skipuðu þeir mjer aptur framm á skipið, og þá Íslendingar aumkuðu mig, glöddu hinir sig.

Þriðji kapituli.

Umm burtferðarundirbúning og lýsing ræningjanna.

Umm nónbil sama dag komu þeir enn með fólk úr landi; þá gáfu þeir einn austmann lausan, er hafði visna hönd. Nær náttmálum var oss faungunum vísað niðr í skipið, þar sem hitt fólkið var fyrir, og þá matur gefinn; síðan lá þar hvur, sem kominn var. Á miðvikudagsmorguninn komu þeir enn með fólk, og þá voru dönsku húsin í einum loga. Allan þann dag voru illmennin að flytja fólkið, og var því ekkert mein gert, eptir að það kom á skipið, og þeir ljetu enda dátt að úngbörnum. Ef þú nú, lesari góður, vilt vita, hvurnig fólk þetta leit út að ásýnd og búnaði, þá er það satt að seigja misjafnt, sem annað fólk, sumir stórir, sumir litlir, sumir ljósleitir, sumir svartir; þeir eru ekki allir Tyrkjar, heldur sumir kristnir trúníðíngar úr ýmsum löndum, norskir, enskir, þjóðverskir og

danskir, hvur á sinnar þjóðar klæðnaði. Sumir hafa þó enn trú sína óafbakaða; þeir eru hafðir í viðlögum, og fá högg að launum.

Tyrkjar eru flestir svartir á háralit, með rauðar uppháar húur, og gjörðan svirgul umm neðan af silki eða öðrum dýrmætum vefnaði; þeir eru á síðum kjólum, og hafa umm sig vafið svirgul af sama efni, fjögra faðma að leingd; í linbrókum, með gula og rauða járnbrydda skó á fótum, enn sumir gánga berfættir. Þeir hafa rakaðan koll, og ekki skegg, nema á efri vörinni, og eru ekki svo illileigir, sem sumir ætla: hafa hendur og fætur, sem menskir menn, eingar klær í stað nagla; eingir hnífar standa út úr olbogum þeirra, hnjám eða bríngu, eingínn eldur brennur úr augum þeirra, og ekki spúa þeir heldur eitri og brennisteini, eins og einhvur lýsti þeim fyrir tíu árum. Hitt fólkið, renigatarnir, sem trú hafa kastað, eru eins búnir, og þeir piltar eru það, sem vest fara með kristna menn, og voru þeir það, sem helst drápu hjer fólkið og misþyrmdu því.

Fjórði kapituli.

Umm burtferð vora til Tyrkjalands, og það, sem við bar á leiðinni.

19da d. júlím., á fimtudagsmorguninn, ljettu illvirkjarnir akkerum, undu upp segl, og hleyptu af níu fallstykkjaskotum, tóku stefnumið í hádeigisátt, og höfðu besta byr í þrjár vikur. Íslendíngar báru sig í fyrstunni aumlega, er þeir mistu sjónar á landinu, enn hvur huggaði annann með gvuðsorði, konur sem kallar, úngir sem gamlir, því gvuð hafði veitt því fólki gott skyn á gvuði sínum. 20ta d. júlím. voru þær mæðgur Margrjetarnar, kona sjera Jóns heitins og dóttir þeirra hjóna, svo og Jón son þeirra, sótt á hitt skipið, og flutt á það skipið, sem jeg og mínir vorum á; þá var jeg og kona mín, og börn okkar, tekin frá hinu fólkinu, og feinginn annar samastaður; oss færð gömul segl og svart einskeptutjald að liggja við, og seglum tjaldað kríngum oss, og þar eð dimt var niðr í skipinu, loguðu þar lampar nótt og dag, og umm oss var búið hvurt kvöld, og mat feingum við af rjettum eða borði höfðíngjanna, og á meðan mjöðtunnur þær og bjórtunnur, er rænt hafði verið í Vestmanneyjum, hrukku til, feingum við af þeim að

drekka, og hvurn morgun eitt tár af brennivíni, enn Tyrkjar sjálfir drukku ei nema vatn. 30ta d. júlím. fæddi mín fátæk kvinna barn, og það skírði jeg sjálfur svo sem í laumi, með hryggðarfullu hjarta, enn þá er þeir heyrðu, að barnið hljóðaði, söfnuðust þeir að flokkum saman, og tveir þeirra gáfu því gamlar skyrtur; jeg ljet sveininn heita eptir sjera Jóni sáluga.

Fimti kapituli.

Umm nokkurn Tyrkjanna mótgáng og ferðalok.

5ta d. ágústm. laust á oss sterkum landnyrðíngi, svo það eina skipið hrakti frá; af þessu urðu illmennin óttasleigin, sem væru þeir dauðvona. Skipið lá undir áföllum, og stóra bátnum skoluðu sjóirnir út, og fjögur höfuðtog slitnuðu. Einn spánskan kristinn háseta tók líka út, enn annar lestist í handlegg, en hlaut þó að fara út á rárnar, og þaðan datt hann út í sjó, og hrópaði: hilf mír, herr gott [1]; þar af rjeð jeg, að hann mundi Þjóðverji verið hafa. Tvær eða þrjár gamlar konur önduðust á leiðinni, sem varaði í fjórar vikur. Í ofviðrinu var kristna fólkið með góðum og glöðum huga, í von umm sæla burtför af þess-

[1]) Hjálpasmjer, gvuð drottinn.

um heimi, enn illvirkjarnir tóku það til ráðs, að þeir slátruðu einum hrút, ákaflega feitum, sem var á skipinu, eins og til offurgjörðar, annaðhvort handa djöflinum, eða einhvurjum sínum afgvuði; hann hjuggu þeir sundur í tvo parta, og köstuðú sínum helmingi á hvora síðu við skipið útbyrðis, enda sefaðist stormurinn innan fárra daga. 9da d. ágústm. komum við til Spánar; þá rákust á oss, eða mættu oss, sjóreyfarar á sex skipum; urðu illmennin þá geysilega hræddir umm sín efni, því þegar þeir sáu, að hinir bjuggust til bardaga, hristust, titruðu og skulfu þeir allir, sem hundar komnir af sundi; enn þá nær kom, reyndust það Tyrkjar, hinum að öllu líkir, og höfðu lagt út fyrir fjórtán dögum á 27 skipum, til að ræna, stela, drepa og myrða kristna menn. 11ta d. ágústm. lögðum við inn Njörfasund gamla, er skilur álfurnar, í mesta hraðbyri, og hinn 17da (eða 19da) komum vjer til Algeirsborgar, þar er illmennin áttu heima, og þegar er akker kendu grunns, var það hið fángaða fólk í mesta hasti í land flutt, og þá voru nú stórar hörmúngar á ferðum hjá oss aumum mönnum.

Sjötti kapituli.

Umm það, hvurninn til gekk fyrir kristnum mönnum í Algeirsborg, að því leyti sem mjer var kunnugt.

Þegar þetta fólk var á land komið, þusti ótölulegur manngrúi að, til að horfa á þessa aumingja og skoða þá. Að undirlægi Tyrkja var hjer hvur frá öðrum skilinn, börnin frá foreldrunum, osfrv.; síðan inn eptir strætunum hneptir hús frá húsi upp á torgið, og þar til sölu boðnir, eins og annar fjenaður; fólkið, sem þeir ræntu eystra, var þó látið fyrst fara, kallmenn og konur, hvað í sínum flokki, og þetta gekk alt að 28da deigi ágústm., þá voru flestir seldir af austanfólkinu. Síðan kom eyjafólkið. Torgið er af múr, með sætum alt í kring, og eins og steinlögðu gólfi, hvurt jeg meina, að daglega sje þveigið, sem önnur aðalhús, er þrisvar á dag eru þveigin. Torg þetta er þar nálægt, er staðarhöfðinginn eða konúngur þeirra býr. Yfirkapteinninn má hafa hvurja helst tvo af hinum faunguðu, sem hann vill, enn konúngur þeirra tekur hvurn áttunda af köllum, konum og börnum; að því búnu er skipt í tvo jafna hluti, því sem eptir er, önnur helftin handa skipsfólkinu, enn hin handa eig-

endum skipsins. Þá fólkið kom upp á torgið, voru taldir 30 í hvurn hóp, og geingu Tyrkjar bæði undan og eptir, og töldu ætíð, umm hvurt stræti sem farið var, því heimamenn eru opt vanir að stela fólkinu á leiðinni til torgsins. Þegar vjer vorum komnir á torgið, var sleiginn umm oss hríngur; því næst granskoðaðar hvurs eins hendur og augu; tók konúngur þá úr hópnum 8da hvurn mann, og úr dreingjaflokknum tók hann fyrst son minn, níu vetra gamlan, og man jeg það, á meðan jeg lifi, svo og, hvurju hann svaraði mjer, þá er hann var tekinn frá mjer, og jeg áminti hann, að halda trú sinni; þá svaraði hann með þúngum ekka: faðir minn, þeir hljóta nú að fara með kroppinn, eins og þeir vilja, enn sálina skal jeg geyma mínum góða gvuði. Hitt annað fólkið var leitt á annann stað, og einn af Tyrkjum leiddi mig kríngum einn múrstólpa með háhljóðum, er jeg ekki vissi, hvað þýða skyldi, og var jeg og kona mín, og okkar tvö úngu börn, annað árs gamalt, enn hitt mánaðar gamalt, flutt upp á konúngssalinn; þar sátum við undir börnunum í tvo tíma, enn síðan vorum við sett í hans fángahús, og

gistum þar þá nótt; úr því vissi jeg ekki, hvað umm mesta fólkshlutann leið.

Sjöundi kapituli.

Áframmhald meðferðar Tyrkja á mjer og mínum.

Næsta dag, nær miðjum deigi, komu tveir skipherrar þángað, sem óðir væru; höfðu þeir verið herleiddir, annar þýskur, hinn danskur, og sögðust eiga að sækja okkur; við fylgdum þeim umm lángan veg, og bárum úngbörnin, alt í hús eins Tyrkjahöfðíngja, og strax var því únga barni feingin rugga, og föt að liggja við, upp á þeirra vísu; kona mín fjekk og föt að liggja við; því næst var oss matur gefinn, enn ekki fjekk jeg með henni að borða. Matur er þar nógur gefinn kvöld og morgna, heitt brauð úr ofninum, og dágóður grjónagrautur með feiti í, svo og epli og vínber nóglega, enn ekki annað enn volgt mýrarvatn að drekka; það sem að kvöldi af brauði leifðist, var að morgni gefið hestum, enn grautarleifum öllum var helt út fyrir múrinn. Eptir máltíð gjörða var jeg þaðan hafður í annað hús, og mátti jeg einn saman rorra þar þann dag til kvölds, uns þeir komu heim, sem í húsinu áttu að liggja, enn

kona mín og börn voru í húsi hjá stríðsmönnum höfðingjans. Á 4ða deigi hjer frá var jeg tekinn úr þessu húsi, og settur í annað hús, og voru þar fyrir tveir eyjamenn, Jaspar Kristjánsson og Jón Þorsteinsson. Þrem dögum seinna var jeg þaðan kallaður fyrir einn Tyrkjahöfðingja; hann bauð mjer eptirminnilega, að láta sækja eða rita eptir peningum til konúngsins í Danmörku, til útlausnar mjer og mínum; átti hvurt okkar að kosta 1200 ríkisdali, þá spesíur, er þeir kölluðu: 1200 stikk fon akten, og þar á ofan mátti jeg kyssa á hendur þeirra. Síðan var jeg aptur látinn í dýblissu mína; þar mátti jeg opt laus ganga hingað og þángað út umm múrana, og gerðum við Jaspar það opt, enn mjög sjaldan fjekk jeg að finna konu mína og barnakindur, þó mig lángaði mjög til þess.

Áttundi kapituli.

Fátt eitt umm það, er bar mjer fyrir augu í Algeirsborg, osfrv.

Sakir eins konar rænuleysis, er á mjer var í fyrstunni eptir hjerkomu mína, verð jeg mörgu að sleppa, er jeg þó sá. Það fyrsta, er jeg

gjætti að, voru nokkrir klyfjaðir asnar; þeir eru á stærð sem tvævett mertrippi; þeir eru afar sterkir til áburðar; eyru þeirra eru víst álnar laung; þeir eru með körfu fyrir kjaptinum, og er hún bundin upp umm eyru; í henni er fóður þeirra, enn það er brauð. Hestar þar eru ápekkir vorum hestum, með munnpoka, og brauðfóður í; þeir eru þar hafðir til að draga kvarnir, er mala. Fimm úlfalda sá jeg þar og; þeir eru geysi stórir og sterkir, og getur hvur þeirra, að minni hyggju, borið af fjórum hestum eða fimm; þeir eru allir bleikalóttir; að sköpulægi að aptanverðu eru þeir sem naut, með klaufir; þeir hafa kríngdan hrygg, lángan háls með þremur hnúskum á; eyru þeirra eru lík hestseyrum, enn eru þó með nautsgrönum; þeir bera körfu með brauði í. Einnig sá jeg þar dverg og dyrgju; hann virtist mjer ekki geta náð tveimur álnum að hæð; hann var bolstuttur og kloflángur, og hendur hans tóku alt á hnje niður, svartur sem bik, og stórhöfðaður. Dyrgjan þar á móti á að giska 1½ alin, furðulega gild, bollaung, klofstutt og fótadigur. Ótal fugla ópekta sá jeg þar í fuglabúrum. Bærinn sjálfur er hvítur sem krít, húsin með flötu þaki;

aðalshúsin eru opin ofan, nema þar sem sofið er; vegna hins mikla hita gánga kallmenn sem konur nær nakið, þar sólin geingur þar yfir höfðum manna; jörð grær þar tvisvar á ári hvurju, korn, vínber, grjón, osfrv.; aldrei er þar gras sleigið, og aldrei peníngur inn látinn, því þar er hvorki frost nje vetur; sauðfje á-vaxtast þar tvisvar umm árið, og er bæði feitt og faungulegt, og ekki er þar einn sauður geldur. Einn dag sáum við Jaspar 1000 hrúta, og hángir róa þeirra eða dindill nálega niðr á jörð, og er afar feit.

Niundi kapituli.

Klæðasnið og borðbúnaður, osfrv.

Hið tyrkneska kvennfólk er þá fyrst í skyrtu af hinu smágjörvasta efni, sem til getur verið, með eingu öðru opi enn því, sem hausnum er smeygt upp úr; þær eru á skósíðum línbrókum, kollhúur af líni gerðar; utan yfir venjulega hríng-ofna kápu af líni, og sveipa kápunni fyrir and-lit sjer, svo einginn sjái þær eða þekki, með svirgul af líni eða silki umm lífið. Kallmanna-búnaðarins hef jeg áður minst. Matardiskar eru þar af leiri, í lögun sem munnlaugar; eins

drykkjarkerin með leirstút. Vel flestir liggja á dínulausu gólfi, enn vænir feldar eru breiddir undir og yfir; þar sjest eingin kista, borð nje bekkur; spænir allir af trje; eingin hurð á járnum, enn þrennir hringar í hvurjum væng, því vængjahurðir eru þar fyrir flestum dyrum, og þá borðað er, sitja menn á rjettum beinum á gólfinu. Einu sinni urðum við Jaspar ófriskir, enn Jón Þorsteinsson sárveikur, og þá var minni frómu konu lofað að finna mig allra snöggvast. Í það mund hafði jeg einga skó á fótum; þá uppvakti gvuð einn frakkneskan mann, sem þar hafði leingi verið, að hann gaf mjer nýja skó, og einn pott af brennivíni. Þessi maður sagði mjer, að Íslendingar læju veikir umm allan bæinn eða borgina, og hryndu víða niður, og í legstaðargarðinn væru komnir 30, því þann hinn megna hita, sem þar er, þolir fólkið ekki. Enn fremur sagði hann mjer, að ein stúlka hefði verið seld fyrir 700 dali; þessi stúlka hafði verið þjónustustúlka hjá mjer, vel vaxin og fríð sýnum; síðan sagði hann, að auðmaður frá Jórsölum hefði keypt hana fyrir 1000 dali, flutt hana til Jórsala, og heitið henni kristnum manni til eiginmanns.

Tíundi kapituli.

Umm hrakníng minn og eymdarferð frá Algeirsborg.

20ta d. septemberm. var jeg kallaður, og þegar við komum að því húsi, er kona mín var í, þá var það naumast, þrátt fyrir alla mína auðmýkt, að jeg fjekk leyfi til að kveðja konu mína og börnin, sem þá voru dauðveik; við hana mátti jeg ekki tala tíu orðum fleira, og var síðan slitinn frá henni með týrannalegum harðindum, og með mig farið í það stræti, sem höfuðtyrkjarnir voru fyrir. Þeir gáfu mjer vegabrjef í sínu túngumáli, og var mjer sagt, að innihald þess væri, að þó aðrir Tyrkjar ynnu það skip, sem jeg væri á, þá skyldu þeir ekki drepa mig, því jeg væri þeirra sendimaður, og þar með hlaut jeg að kyssa á hendur þeirra að nýju. Þetta vegabrjef á jeg enn, og hef sýnt það mörgum. Sama dag var jeg á skip látinn hjá Vallendingum. Ásigkomulag líkama míns í það sinn er gvuði ljósast. Á þeirri leið þoldi jeg mikla neyð bæði í tilliti til matar og drykkjar, og neyddist til, svo sem með stelandi hendi, að drekka af því vatni, sem ljón, birnir, strútsfuglar, apynjur og hængjæsir drukku af, og útatað var, enn þó varð jeg því feiginn. Þegar vjer vorum komnir eina

dagleið frá Algeirsborg, eltu tyrknesk skip oss í tvo daga, enn náðu oss ekki. Vináttu Tyrkja og Vallendínga er þannig varið, að þeir kaupa saman, enn að því búnu drepa hvorir aðra, þá svo til tekst. Að viku liðinni varð stýrimaður viltur í reikníngunum, svo þá land sást, vörpuðu þeir út akkerum, og fóru á báti til lands, enn á land máttum vjer ei stíga, þó vjer vildum hafa vatn, og vita, hvurt land þetta væri, enn oss var vísað frá með skotum. Á skipi þessu var margkynjuð þjóð, þrír Ítalar, fjórir Gyðíngar, og gáfu þeir mjer stundum brauðmola; fjórir Einglendíngar, fimm Frakkar, þrír Spánverjar, fimm Þjóðverjar, og við tveir, jeg og hinn þjóðverski Hamborgari Jakob, er Tyrkjar höfðu tekið umm krossmessuleytið. Sakir storms urðum við á bátnum að liggja í skeri í þrjú dægur án allrar fæðu. Þegar lygndi, fórum vjer aptur út í skipið, enn þeir, sem bönnuðu oss landið, sögðu það hjeti Sardinía. Síðan bar oss undir ey þá, er Malta heitir, þar sem sankti Páll var umm stund eptir skipbrotið. Því næst komum vjer til Ítalíu, þar sem kapteinninn átti heima, og hjet sá staður Líformó. Þar urðum við að vera fyrir utan í sex daga,

uns læknirinn kom, og skoðaði oss; konur og börn máttu áleingdar við oss tala. Tveir Ítalar gáfu mjer vatn að drekka, svo og epli og ost að eta, og þá var mjer hjálpar von.

Ellefti kapituli.

Umm veru mína í Líforno, osfrv.

11ta d. októberm. var alt fólkið af skoðunarmeistaranum skoðað undir handkrykum og í nárunum, hvort það væri sóttlaust; að því búnu máttum við fara inn í bæinn. Þángað fór jeg, og vissi mjer eingrar hjálpar von, nema hjá gvuði. Einglendíngar, sem með mjer komu úr Suðurálfunni, settu mig til borðs með sjer, og borguðu alt fyrir mig, og feingu mjer herbergi hjá einum norskum manni, og hann gaf mjer mat dæginn eptir. Hinn 15da fjekk jeg hvorki vott nje þurt, enn fjekk þó að vera í húsunum; þá gekk svo hart að bjargræði líkamans, að jeg varð að biðja kaupmennina, bæði hinn enska og þjóðverska, umm nokkra hjálp í gvuðs nafni. Þeir gáfu mjer fimm dali í silfri og gulli. Norski kaupmaðurinn hýsti mig kauplaust. Þaðan vildi jeg hafa farið með förunaut mínum, Jakobi frá Hamborg, er þar

fjekk einga peninga, og var því alls þurfi, og vann jeg það til hans, að gefa honum með mjer, því jeg rataði ekki. Við ferðuðustum síðan í fjóra daga, framm hjá Venedigborg, og fórum með fjallinu Baldak, er seigir í Jallmannssögu, að hafi verið Þorbjörg hin digra, og nú vorum við komnir inn í Þýskaland, svo sem eina bæjarleið, og feingum náttstað hjá gamalli ekkju; hún spurði oss, hvaðan við værum, eða hvurt við ætluðum, enn þegar hún heyrði það, bað hún okkur í guðs nafni að fara í burt, og sagði, að dátar keisarans dræpu þar alla ferðamenn. Við fórum aptur sömu nótt til baka, og komum loksins aptur til Lífornó; varð jeg þá að skilja þar við minn góða förunaut, sem einga hjálp fjekk, og rjeð því af að verða bátsmaður, því þegar við báðum bæjarmenn umm hjálp, sögðu þeir, að við skyldum láta Lúter hjálpa okkur, þar við hefðum hans trú.

Tólfti kapituli.

Umm Lífornóborg, siðu múkanna, osfrv.

Lífornóborg er lítil ummmáls, með tvennum sterkum múrum, og djúpu díki ummhverfis við neðri múrinn; skip geta bæði róið og siglt í

kringum bæinn; hann er vel byggður, þriggja húsa hár, og húsin meistaralega máluð. Í honum taldi jeg þrettán kirkjur, þar af tvær miklar, af marmara grænum, innan búnar og prýddar gulli og silfri, prjedikunarstóllinn, altarið, og sætið, sem múkurinn situr í, þá er hann skriptar fólkinu. Þá aðferð sá jeg. Sá sem skriptað er, hefur annann stól. Milli þeirra er sett messíngarbrík, tveggja álna há, með smágötum, til að mynda sem sáldur, og í gegnum þessi göt talast þeir við. Sjeu múknum gefnir peníngar, afleysir hann þann mann, er það gerir, frá öllum syndum. Við hvurjar kirkjudyr standa tveir stólpar af marmara, tveggja álna háir; ofan á þeim standa tvær skálir með vígt vatn; sá sem í kirkjuna geingur, skal dýfa tveim fingrum í vatnið, og gjöra sjer kross á enni með vatnsdropum þeim, er loða við fingurna. Til að gjæta að, hvort þetta sje gjört, eru settir tveir gamlir múkar.

Út af húsi norska mannsins sá jeg og vitjað sjúkra, og gekk það svo afkáralega til, að jeg vil geta þess hjer. Fyrst geingu tvö hundruð manns, menn og konur; hvur umm sig hjelt á kertaljósi, ekki laungu; meðal þess fjölda gekk

múkurinn, og yfir honum var borið á þrem staungum blátt silki. Þegar skari þessi kemur að húsi þess, sem veikur er, nemur hópurinn staðar fyrir utan, enn múkinum einum rúm gefið til inngaungu, enn söfnuðurinn kastar þá öllum kertisstubbunum logandi eptir honum, og að því búnu fer hvur í sitt hús aptur. Múkurinn hefur tösku á hálsinum, og bjöllu, sem ætið hringist. Í bæ þessum fá klukkurnar aldrei hvild.

Múkarnir eru eptir þeirra tegund eða orðu með því móti, sumir grámúkar, sumir hvítmúkar, og sumir svartmúkar. Nöfn taka þeir af kjólalitum sínum; ekki hafa þeir annað á sjer, enn skyrtur einar undir öklasíðum kjól eða kápu; hvorki brók nje buxur, enn upp umm hálsinn hafa þeir mjög stutta kápu; upp úr henni geingur rúmur hattur; trjeskó hafa þeir sumir á fótum, og kjólinn að sjer hneptan með trjehnöppum og snærishneslum; belti hafa þeir umm sig af kaðal, með mörgum pjetursbnútum, og nær annar endinn eins lángt niður, og kjóllinn; í beltinu bera þeir bók, til að sjá sem lögbækur vorar fornu; hún er til vinstri síðu, enn talnaband þeirra á ena hægri; rjett framan á sjer hafa þeir tóbakspípu, feykilega lánga; skegg

sitt láta þeir raka fjórtánda hvurn dag, og klippa höfuð sitt, nema í kring utan með standa eins konar geitnatoppar eptir, og þessir menn vilja kallast heilægir/ og gjætu nunnurnar að vísu helst borið vitni umm það, þó þær þikist nú líka heilagar; má því nærri geta, að hjer, eins og annarstaðar, muni misjafn sauður í mörgu fje. Erasmus sálugi frá Rotterdam hjó einu sinni til grafskript yfir þá, og vil jeg seta hana hjer til nánari íhugunar umm kosti þeirra:

Ó, vos mónakki, vos estis,
kvórum stómakki deus est testis,
súnt amfóra Bakki, deterríma pestis.

Snúið lauslega á vora túngu:

Eitruðu múkar, verri eru þið bestin,
yðar andskotans búkar enn bölvuðust pestin,
eru áma vingvuðsins; það best veit vor herra./

Þrettándi kapituli.

Umm klæðnað og annað fásjeð í Líforno.

Kvennfólk er hjer svo vel búið, sem jeg held að best geti verið undir sólinni. Buxur þeirra eru gerðar af silki eða líni eða flöieli, og kosta yfir sextíu ríkisdali; sokkaböndin kosta tíu dali, og hvað annað eptir því. Treyjur þeirra eru

allar gull- og silfri baldíraðar, með ljómandi gimsteinum; einir skór falleigir kosta sextíu ríkisdali, og hugsaði jeg með mjer: soddan kvendi kosta nokkuð, því þær eru líka vel vaxnar og fallegar, allar dökkar á hár, enn matur er þar dýr; einn selníngur kostar sextán skildínga, og máltíðir þar eru ekki saðsamar. Á hvurjum morgni sá jeg hundrað manns fara þar umm öll stræti. Tveir og tveir geingu fjötraðir saman, sem sambandshestar; þeir voru klæðlausir, nema vesæl rýja huldi blygðun þeirra, og tveir menn fóru með þeim, sem jeg hjelt, að yfir hina væru settir. Með þessum hóp var hjörtur með söguðum hornum, og tveir stórir hrútar, einn refur og einn marköttur, báðir á rauðum klæðum; þeir báðir geingu á apturfótunum, og á þeim höfðu þeir svartaskó, hatt á höfði, og korða eða verjur við síðu bundnar; í hárauðum buxum, og hjeingu lángar róur aptur úr þeim; jeg vissi aldrei, hvað þetta átti að þýða. Enn fremur sá jeg þar dýr það, er þeir kalla böffel, á borð við stærstu uxa, enn með eins og hrútshornum; feiti skal eingin í þeim vera, hvorki utan nje innan; þau draga fulla vagna með járn, salt, steinkol og öðru fleira.

Enn fremur sá jeg þar eitt furðuverk, er jeg svo kalla; það voru fjórar mannsmyndir, steyptar af eiri; þær sátu við stólpa af hvítum marmara, ferkantaðan, og voru næsta líkar lifandi mönnum. Líkneski þessi voru gjörð eptir mynd eins Tyrkja, og sona hans; höfðu þeir gjört kristninni mikinn skaða. Líkneskin voru að vexti sem risar, enn hertogi sá, er staðinn byggði, hafði unnið þessa Tyrkja í stríði, og ljet steypa myndirnar; þær voru allar með stórt sverð í hendi. Þar á múrnum ummhverfis eru hausar af Tyrkjum, og geingur mikill gaddur gegnum þá ofan í múrinn, og mart annað sá jeg þar, er jeg skildi ekkert í, hvað þýða skyldi.

Fjórtándi kapituli.

Umm ferð mína til Genúa og Frakklands.

Frá Líforno keypti jeg mjer far með litlu skipi til þess mikla staðar Genúa, sem liggur við landsálfur Frakklands; á þeirri leið var jeg fjóra daga. Þessi borg er tólfhúsuð, og með þreföldum múrveggjum, með fallbyssum í. Húsagluggarnir eru svo stórir, að fimm og sex fiðmum nam; í þessum stað sá jeg og björn, sem gekk á apturfótunum. Jeg gisti hjer að danskri

konu, er gerði mjer nokkurn greiða, og kom mjer í far til Massiliu. Á hvurju kvöldi lögðum vjer að landi af ótta fyrir Tyrkjum. 7da d. septemberm. kom jeg til Massiliu, og afhenti slotsherranum vegabrjef mitt. Alt að dagsetri þess dags fjekk jeg hvurgi hús, þó jeg beiddi með grátandi tárum, og þar sem jeg var úrkula umm bænheyrslu, heyrði jeg sagt var á rjetta íslensku: kom þú með mjer, jeg skal ljá þjer hús í nótt, jeg er herleidd íslensk kona, enn þá jeg kom í hús hennar, frjetti hún mig, hvað manna jeg væri. Jeg kvaðst íslenskur. Í þessu húsi voru margir, bæði enskir og þjóðverskir, er skildu, hvað jeg sagði, og einn af Englendingum, sem var gleraugnasmiður, þekti mig, og sagði henni, að jeg væri prestur utan af Íslandi, og þá skipaði hún mjer þegar út af húsinu, og ætlaði að hrinda mjer út; þá uppvakti gvuð mjer þjóðverskan kaupmann, er þegar stóð undan borðum í þessu vindrykkjuhúsi, og lofaði að borga fyrir mig fæði og hús, á meðan jeg væri í þeim stað.

Fimtándi kapituli.

Umm það, sem yfir mig gekk í Massilíu.

Þetta hið sama kvöld fjekk jeg hæði mat og drykk nóglega, svo og góða sæng að sofa á, og hafði jeg ekki fyr feingið það, frá því fyrst jeg var hertekinn, og ekki hafði jeg úr mínum fátæklegum fötum farið þángað til, og voru það þó orðnar sextán vikur og einn dagur betur. Umm morguninn eptir kom kaupmaðurinn, sem jeg áður umm gat, og staðfesti loforð sitt, að taka mig að sjer, og sagði svo allir heyrðu, að hann vissi ei, hvað til þess kjæmi, að hann elskaði mig sem föður sinn. Í þessu húsi var jeg á hans kosti hinn 8da og 9da til hádeigis. 10da d. sama mánaðar, sem var laugardagurinn, komu inn í þetta víndrykkjuhús fimm hollenskir skipherrar, settu sig til borðs, og drukku gott vín. Umm þann tíma var mjer matur borinn við annað borð; þá spurði einn af þessum skipherrum mig, hvur jeg væri og hvaðan jeg væri, og hvurt jeg ætlaði. Þegar jeg hafði sagt honum það, stóð hann upp frá borðum, gekk að mjer, þar sem jeg, vesæll maður, sat; tók mig í fáng sjer, og lofaði, að gefa mjer mat og drykk á sínu skipi, á meðan hann væri þar, og

kvaðst síðan skyldu koma mjer til Hollands; þessi fróm maður hjet Sakkarías Harðspenner. Þegar hann gekk út úr húsinu, kallaði hann á mig. Jeg fór þegar með honum á skip, og var hjá honum sex vikur og tvo daga þar innanhafnar, og fór með honum dag eptir dag inn í staðinn. Í þessari velgeingni minni datt mjer í hug að fara til Parísar, enn mart hamlaði mjer frá því, fyrst óhreysti líkamans til að gánga; því næst peningafátæktin og klæðleysið, því mjer lá við að blygðast mín meðal mannanna af eymdum þeim, sem við mig loddu, og loða enn í dag; í fjórða máta geingu illar frjettir af morði því, er á þeim veigi væri að óttast, enn jeg huglaus orðinn af eymdum og armæðu.

Sextándi kapituli.

Umm nokkuð, sem mjer þótti merkilegt í Massilíu.

Þar keypti jeg að koma í þá smiðju, er í eru smíðuð akkerin; þar rekur vindurinn járnið, og sleggjurnar koma sjálfar ofan úr loptinu, sumar með beitimunna; það kalla þeir þversleggjur; þar upp yfir standa tvær mylnur, og skildi jeg lítið í þessum ummbúningi; akkerin eru undin út og inn umm ablinn á hjólum. Í annari

smiðju sá jeg þar dregnar lóðsagir, í þriðju, hvar steypt voru koparfallstykkin eða kanónur; þær smiðjur standa mjög hátt, og ætla jeg, að mót stykkjanna sje undir ablinum. Jeg sá þar og stór og smá skip í smiðum, sem stóðu á stokkunum[1]. Umm fiskiveiðaraðferð í þessari borg vil jeg ei fást, því mjer virðist hvorttveggja hjegómi. Þeir grafa í sjávarsandinn með staungum, og er háfur festur við þær, og þegar hann er orðinn fullur af sandi og saur, er hann dreiginn upp, og er þá stundum ein sandlúða í honum eða tvær, og stundum eingin.

Seytjándi kapituli.

Umm staðinn Massilíu, og ferð mína þaðan.

Massilía er byggð umm einn kringlóttan fjörð, sem er þraungur inngaungu, og held jeg, að vart sje meira enn tveir faðmar þvert yfir opið. Í sundi þessu eru niður settir fjórir stólpar af múr í sjóinn, og eru milli þeirra allra járnhlekkir, ferlega miklir; broddar af járni hánga niðr úr hvurjum hlekk, svo að hvorki getur stórt skip nje lítið komist þar út eða inn leyf-

[1]) Massilía er við Miðjarðarsjó; þar smíða Frakkar herskip sín, og liggja þau þar.

íslaust. Öðru meigin við fjarðarmynnið stendur kastali staðarins, enn þrír stólpar eru festir á endann við þann stólpa, sem næstur er; annar þeirra endi er læstur í kastalanum, og liggja öll staðarskipin fyrir innan hann, liðugt þúsund að tölu, því hjer er mikill kaupstaður, fimm og sex húsa hár. Í stað þessum sá jeg sjálfa Andresmessu þrettán nunnuhópa, sem geingu þeirra heitgaungu upp á sína vísu til Andresarkirkju í austur frá staðnum í klaustri nokkru. Jómfrúaskari þessi var prýðilegur og fagur á að líta; þær voru allar í hvítum línnærpilsum eða línbrókum. Gaungumáta þeirra var svo háttað, að í broddi fylkíngar geingu tvær, þá þrjár, þá fjórar, fimm, sex, sjö, átta, níu, og í seinustu röð tíu, og hvur röðin gekk út af annari. Ekki voru múnkar með þeim í það sinni, og má vera, að þær hafi ætlað að finna skriptaföður sinn í klausturkirkjunni.

Ferð minni frá stað þessum var svo varið, að við lögðum út atfángadæginn fyrir jól, og láum fyrir utan hátíðisdagana. Þriðja í jólum lögðu þaðan í einum flota tólf skip, tvö af þeim með varnir, okkar skip með 26 stykkjum, hitt með 24; síðan höfðum við besta byr í átján daga,

þó bestan hinn 9da, er vjer sigldum út Njörfasund; það skilur Norðurálfuna frá Suðurálfunni, og báru skipverjar mikinn kvíða fyrir því, af því þar liggja jafnan sjóvíkingar, enn fjandskapur er millum Spánverja og Hollendínga, og sigldum vjer því sem næst, vjer gátum, Afríka, illþýðislandinu; úr því sáum vjer ei land, fyrr enn England 23ja d. janúarm. Tveimur dögum seinna misti jeg nærpeysu mína; hafði jeg þveigið hana, og fest í togin, enn skipverjar kváðu vindinn hafa feykt henni. Jeg átti þá ekki eptir nema skyrtugarminn, sem jeg var í, og lífstykki, er jeg var hernumnin í. Umm sama leyti misti jeg hattinn fyrir veðri; þá gaf minn frómi Sakkarías mjer aptur gamlan hatt, og einn skipsmaður gaf mjer hálfa peysu, enn hálfa keypti jeg. Á ferð þessari mættu oss tvö ræningjaskip, enn feingust þó ekkert við oss. Áttunda d. febrúarm. vorum vjer svo nærri Hollandi, að vjer sáum turnana; þar var fjögra faðma djúp. Þar umm kríng standa grunn meir enn hundrað skipskrokkar, óhræranleigir; því verður Holland aldrei unnið vegna aðgrynnis, og þess vegna kallast Holland: landið undir hafinu, enn innbúar þess: þeir, sem búa undir

sjónum. Þegar menn vilja fara í land, verður að afferma skipin, þegar þrjár vikur sjávar eru eptir til lands. Af voru skipi vorum vjer að flytja í ellefu daga, og nálguðumst daglega staðinn, uns vjer loksins komustum inn í hann.

Átjándi kapítuli.

Umm það, sem á mína daga dreif í Hollandi, osfrv.

Þegar jeg kom til Hollands, var jeg kyr út á skipi, þángað til minn góði Sakkarías kom aptur úr landi, og gaf mjer enn leyfi til að hafa mat á skipinu, meðan jeg dveldi hjer, og hjet mjer ummsjá sinni, að koma mjer til Dammerkur, og jók því við þær velgjörðir, er hann áður hafði mjer veittar, og nú gaf hann mjer tvær fornar skyrtur, hosur og skó; áður fyrir jólin gaf hann mjer í Massilíu kjól, sem kostaði tólf gyllini eða hjer umm bil fimm spesíur. Þegar jeg hafði verið þar í fjóra daga, á nóttinni út á skipinu, enn á dæginn í staðnum, varð jeg matþurfi fyrir mig og piltinn, sem skipsins átti að gjæta, því hann stal matnum, og seldi hann fyrir peninga, svo jeg neyddist til að rýma skipið, og hugsaði mjer að leita upp hús míns góða Sakkaríasar, enn það ætlaði ekki að gánga

greitt, því staðurinn er stór. Loksins bar mig inn í eitt hús; þar var fyrir danskur trumbublásari; hann hýsti mig nokkrar nætur, og sagði mjer, hvar Sakkarías minn byggi. Þegar jeg kom til staðarins, átti jeg hjá einum bátsmanni níu stýfur, eða átján skildinga, og fjekk jeg þá nú. Það er af þeim stað og landi að segja, að jeg held, að það sje af mönnum gjört; þar eru stórir ósar, og fara menn með lánga staung í höndum; neðan á þeirri staung eru eins og ullarkambar, með fimm eða sex tönnum af járni. Með kömbum þessum klóra menn sandinn upp úr ósnum, og láta í bátinn til sín; koma síðan með kistu eða kassa af járni, og fylla hann af leðju þessari, og flytja þángað, sem staðarhöfðínginn skipar. Að ári liðnu er sandleðja þessi orðin hörð, sem steinn væri, og þar á eru hús byggð, og staðurinn hjer við árlega út aukinn, og stendur ártalið á hvurjum húsdyrum. Þeir menn, er vinna að þessum sandmokstri, eru í stígvjelum, sem ná upp undir hendur. Utan umm kring landið eru settir pílárar í sjóinn, sem hallast að landinu að ofan; grjót er borið að innan til, og er það keypt úr öðrum löndum; síðan er mokað að leirnum, sem er til að

sjá sem mór hjá oss. Landið er í raun og veru kægra enn sjórinn; fyrir utan pílárana eru settar mylnur í kríng; þær draga vatnið út af landinu, er inn sígur úr hafinu. Þetta geingur dag og nótt, þegar nokkur vindur er, og það heyrði jeg sem sannleika, að ef ei bljesi í mánuð, væri landið í kafi. Staðnum er svo háttað, að hann er vel húsaður, þriggja og fjögra húsa hár; sum húsin máluð bæði utan og innan með ýmsum farfalit, og eru sum glassjeruð til að sjá. Bryggjur liggja, snildarlega tilbúnar, framm umm ósana og dikin, og getur einn maður undið þær upp og sleigið þeim niður, þegar skip fara út eða inn umm bryggjubrúrnar. Á bryggjum þessum er bæði riðið og á vögnum ekið. Fólk í Hollandi er þriflegt, mannúðlegt og góðviljað, einkum sjómenn, enn kvennfólkið er hvurgi svo frítt, svo það má kallast dávænt. Trúarbrögð þjóðar þessarar eru með misjöfnum hætti.

Nítjándi kapítuli.

Umm ferðalag mitt til Danmerkur, og viðtaka þar.

16da d. martsm. fjekk jeg far með einum hollenskum skipherra fyrir milligaungu míns góða

Sakkaríasar; þessi maður hjet Úlf. Rakkal. Með honum var jeg í þrettán daga, og í Frislandi fjóra; þar sá jeg ekkert gras, enn nóg af rauðum sandi. Frá þeim stað Rottbæ sigldu sama dag 65 skip, og ætluðu flest af þeim til Danmerkur, að kaupa uxa. 22ann d. martsm. fórum vjer frá Frislandi. Hinn 26ta sá jeg Sviaríki, og dæginn eptir komum vjer til Krónuborgarkastala eða Helsingjaeyri, og þóttist jeg þá nær sem heim kominn til Íslands. Þegar er jeg kom hjer á land, fann jeg þann fróma mann Pjetur Jakobsson; hann hafði verið í sjö ár fógeti í Vestmanneyjum. Hann tók mig undir eins heim til sín og sinna. Eptir máltíð gjörða var hann kallaður að fylgja líki kaupmanns nokkurs; fór jeg þá með honum, og heyrði danska líkræðu. Síðan var mjer umm kvöldið af þeim presti, er hana hjelt, boðið til gesta; nafn hans er mjer úr minni liðið. Hann spurði mig að mörgu. Gestaboð þetta gjörði hann óefað í því skyni, að boðsmenn skyldu aumkvast yfir mig, enn af því varð þó ekki. Sjálfur gaf hann mjer einn dal og góðan hatt, og átti hann þó sjálfur fjölda barna. Pjetur og kona hans gáfu mjer gamla skyrtu, borinn kraga, og

litla postillu nýja. 28da d. martsm. kom jeg til hins konúnglega aðsetursstaðar Kaupmannahafnar, og þegar jeg kom þar, var tekið á móti mjer svo að seigja, sem jeg verið hefði eingill. Sá sem var mjer näkvæmastur gott að gera, var Jens Hesselberg; hann fór með mig sama dag upp á kompaníið eða samkundu verslunarfjelagsins, og sagði þeim heiðarlegu íslensku kaupmönnum og öðrum, hvur jeg væri; tóku þeir mig þá samstundis að sjer, og hjeldu mig í allan máta kostulega; þeir gáfu mjer og klæðnað fyrir páskana, og ljetu þeir sjálfir skera hann handa mjer, og borguðu klæðasmiðnum saumalaunin. Strax fyrsta dæginn, sem jeg var í Kaupmannahöfn, gaf einn bátsmaður mjer tvo sljetta dali; hann hafði þekt mig áður. Dándissveinn Vigfús Gíslason gaf mjer hálfan dal. 5ta d. aprílm. var jeg kallaður af herra Þorláki Skúlasyni til gestaboðs, og þar eptir af honum boðaður til doktors Resen, sem spurði mig að mörgu af öllum löndum, er jeg hafði í komið, þó einna mest af Íslandi, og hann gaf mjer einn dal. 8da d. aprílm. fjekk jeg að sjá vorn náðugasta herra, kónginn Kristján þann fjórða, hvur hjartanleigi herra er hýr

að sjá og til að líta við sína undirgefnu; sama dag sá jeg líka hans háborna son, prins Friðerik, þá hann fór til kirkju umm morguninn, og þaðan aptur umm kvöldið; hann var ríðandi. Á þessum mánuði var jeg víða til gesta boðinn af heiðvirðum mönnum, er margir þar að auki sæmdu mig gjöfum, þó var mest af íslenskum. Í þessum, mjer kjæra stað, er góð skikkun á öllum hlutum. Mat eða drykk fjekk jeg hvurgi eins góðan, að jeg ekki tali umm, hvað góð legurúm eru þar. Útmálun staðar og húsabygging þar er góðum mönnum alkunn, svo jeg vil ei umm rita. Í þann tíma flaug mjer opt sorg í sinni af missir konu minnar og barna, svo og af ófriði þeim, er þá á gekk, hvað gvuð náðarsamlega betri.

Tuttugasti kapítuli.

Umm rænuleysi mitt. Gjafir í Kaupmannahöfn, og ferð mín þaðan.

Í vesöld minni í Danmörku kom að mjer opt og mörgum sinnum hálfþeytingsgeðsturlun af tilhugsan umm ástand minna, í illþýðishöndum eptirskildu ástmanna, og gremja yfir vesöld minni, ekki upp á neinn máta að geta frelsað

þá, undir hvurjum þaunkum jeg optlega gleymt hef mjer veittum velgjörðum, og fyrir þær þakklátur að vera, og þess vegna hef jeg svo víða ósamanhángandi skrifað. Á meðan jeg var í Kaupmannahöfn, gáfust mjer, sem jeg með vissu man, átján ríkisdalir, og hafði jeg þá til ýmsra nauðsynja í vesöld minni. Í þakklætisskyni við gvuð og menn vil jeg hjer nafngreina þá menn, er jeg hef ei áður á minst, fyrst kaupmann frá Færeyjum, fyrir milligaungu míns ógleymanlega Hesselbergs. Í öðru lægi, íslenskur maður, Bjarni Ormsson, er verið hafði í Vestmanneyjum, gaf mjer tvo dali, og vjek mjer mörgu góðu; ein heiðurskvinna gaf mjer tvo dali, og bauð mjer gefins mat og drykk. Í þriðja lægi, sá frómi kaupmaður Morten Hansen fyrir norðan á Íslandi, hann gaf mjer sex dali af þeim peníngum, er þeir frómu prestar, sjera Þorsteinn Illugason, og sjera Bjarni Gamlason, höfðu gefið til Danmerkur, uppgefnum prestum, hvað herrann sjálfur launa mun. Einn prestur í staðnum, Marteinn, og einn skólameistari gáfu mjer einn dal, og enn einn landsmaður, er upp alinn hafði verið í Vestmanneyjum, einn dal. Í Kaupmannahafnarstað var jeg í alt sjö vikur,

og þar sem jeg var herbergjaður, var mjer bæði matur og drykkur gefins veittur tvisvar á dag; ljet út frá staðnum 4da d. maím. með Vestmanneyjafari, kostfrí í allan máta, að tilhlutan míns góða hjálparmanns, Jens Hesselbergs, hvurjum gvuð best launi.

Tuttugasti og fyrsti kapituli.

Umm útkomu mína til Íslands, viðgjörðir, og niðurlag sögunnar.

Frá Kaupmannahöfn fórum við fyrst til Helsíngjaeyrar, og var jeg hjá Pjetri mínum Jakobssyni til hins 24da; þá kom jeg aptur á skip með hollenskum, sem fluttu mig til Vestmanneyja. Fyrir utan Krónborg var jeg til hins 6ta dags júním. vegna norðanstorma; þegar þeim lægði, sigldu 44 skip samflota út sundið, og ætluðu seytján af þeim til Íslands. Í þrettán daga í röð höfðum við andbyri, og hleyptu öll þessi skip inn í Norveg á höfn þá, er Flekkueyri nefndist, og láum þar í tíu dægur. Jeg fór þar umm nokkra bæi, og þar lysti mig helst að vera. Þaðan lögðum við með lítilli kylju; hröktumst síðan undir Skotland að Akureyri, til hins 27da; sáum loks Ísland 4da d. júlím.,

og náðum Vestmanneyjum hinn 6ta d. s. m., eptir, fyrir mig, næstum eins árs burtuveru og hraknínga. Þegar jeg kom í land, tók jeg mjer til þakka, að það hið fátæka fólk, er þar var, tók við mjer, eins og það hefði vin sinn úr helju heimt, og keptist við að víkja mjer góðu; mín fátæka dóttir, og sá fróma mann, Oddur Pjetursson, tóku mig til sín. Dæginn eptir fór jeg til lands, að hitta mína kjæru ættmenn og vini, er tóku móti mjer með fullkomnum fögnuði, og spurðu tíðinda. Hvur keptist við annann, að gera mjer sem mest gott, og er mjer eigi unt, að telja það alt upp. Herra Oddur Einarsson, og kona hans, breyttu við mig, sem þeirra hjartanlegur son verið hefði, og var jeg útleystur með stórgjöfum, og margan styrk fjekk jeg af öðrum, sjera Sigurði og konu hans, sjera Snæbirni, Gísla Oddssyni og konu hans, sjera Jóni Bergssyni, Erlendi Ásmundssyni, Þorleifi Magnússyni, og mínum lögmanni, herra Gísla Hákonarsyni, einnig af mörgum öðrum, skyldum sem vandalausum, hvurja alla mjer er ómögulegt upp að telja, er sýndu á mjer vesælum og allsþurfa sitt meðaumkvunarhjarta, og bróðurlegt tryggða- og ástarþel, fyrir

hvað gvuði og öllum góðum jeg á þakkir að gjalda; hann virðist að uppláta þeim sitt miskunarhjarta, þá þeir helst þurfa við, og umbuni þeim öllum, og aðstoði þá í trú í lífi og dauða, og síðan í dýrðinni eilíflega, amen.

NOKKUR ORÐ.

A f r í k a, sama sem Suðurálfan.

A l g e i r s b o r g (eða A l s í r), bær á norðurströndum Suðurálfunnar.

a m f ó r a, áma.

B a k k í, Bakkusar. Bakkus var vingoð Grikkja og Rómverja.

B a l d a k (Baldo?), fjall í Efri Ítalíu.

d e t e r r í m a, lökust, vest, bölvuðust.

d e u s, gvuð.

E r a s m u s, frá Rotterdam, var uppi umm samaleyti og Lúter, og einhvur hinn mesti merkismaður.

e s t i s, eruð.

F r í s l a n d, hjerað norðan til á Hollandi.

G e n ú a, bær í Ítalíu.

H e l s í n g j a e y r i, bær á austurströndum Sjálands, fyrir norðan Kaupmannahöfn.

J ó r s a l i r (eða J e r ú s a l e m), bær á Gyðingalandi.

K í l i, Chile (?), þjóðland í suðurhluta Vesturheims.

K r ó n u b ó r g (eða K r ó n b o r g), kastali við Helsíngjaeyri.

k v ó r u m, (hvurra), þeirra er; yðar (á 36. bls.).

L í f o r n ó (Livorno), bær á vesturströndum Ítalíu.

Malta, ey fyrir sunnan Sikiley, sunnan við Ítalíu.

Massilía, bær sunnan á Frakklandi.

mónakkí, múkar.

París, höfuðstaður Frakklands.

pestis, pest, drepsótt.

renigatar (eða renegatar), afneitendur (trúar sinnar), trúníðingar.

Rottbær, á Frislandi (?).

Rotterdam, bær í Hollandi.

Sardinía, ey fyrir vestan Ítalíu.

stikk, stykki, peningur. stikk fon akten (stykki af átta, það er), peningur, sem átta aðrir peningar eru í; svo eru til að mynda átta tuttugu-ogfjögraskildingapeningar í spesíu.

stómakkí, magar, búkar.

súnt, eru,

testis, vitni.

Túnis, bær á norðurströndum Suðurálfunnar.

Vallendíngar, s. s. Ítalir.

Venedigborg (eða Venedig eða Feneyjar), bær norðarlega á austurströndum Ítalíu.

vos, þjer, þið.

EPTIRMÁLI.

Bæklingur þessi hefur verið prentaður eptir handriti, ekki mjög gömlu; maðurinn, sem ritaði það, er dáinn fyrir nokkrum árum.

Útgefendurnir hafa á stöku stað vikið við orði og orði, þar sem eitthvað þótti mjög dönskulegt, og hægt þótti að kippa því við, enn efninu eða frásögninni höfum við hvurgi breytt með ásettu ráði.

Okkur er kunnugt, að bók hefur áður verið prentuð umm sama efni í Kaupmannahöfn, enn við vissum ekki neinn þann hjer, er þá bók á, og gátum því ekki haft hana til samanburðar, og má þó vera, að eitthvað hefði skýrst í frásögninni, ef það hefði verið gjört.

Það er alkunnugt, að margar góðar sögur, og mart annað fagurt og fróðlegt hefur glatast, af því að menn hafa eigi hirt umm að koma því á prent, á meðan það var til; þetta vakti fyrir útgefendum þessarar sögu, og biðjum við góða menn vel að virða.

Leiðrjetting.

Neðst á 17du bls. stendur enitaði fyrir: neitaði.

útgef. Egils Jónss. Lárks.
Guðl. Magnúss. Hjálm. Brems.